

Fundargerð

14. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 31. ágúst 2021, í sal D ÍSÍ.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, ~~Guðlaug-Baldvinsdóttir~~, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla-Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin-Víkingsson~~, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerðir frá fundum 12. og 13. voru nýkomnar til fundarmanna í drögum og því afgreiðslu frestað. Engin rafræn erindi á milli funda.

2. Fjármál

Gjaldkeri gerði grein fyrir árshlutauppgjöri, rekstraryfirliti fyrstu sex mánuði ársins. Yfirferð á tekju- og gjaldagrunni. Rætt um spá fyrir árið 2021 en einnig tekjuvon í úthlutun í afreksmálin. Stefnt að 9 mánaða uppgjöri í lok október.

3. 75 ára afmælisár FRÍ 2021

Umræður um einstaka atriði en vísað áfram til næsta fundar.

4. Umhverfismál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir norrænum fundi sem hann tók þátt í um umhverfismál almennt, endurnýtingu og loftslagsmál. Kynnt norskt mól. Rætt um skoða norskar lausnir en einnig að fá aðila innan hreyfingarinnar til að vera í lausnamiðuðum umhverfishóp til þa skoða hluti tengt stöðu FRÍ og Íslands. Kristín Birna tók að sér að fylgja málinu eftir og leita að aðilum sem eru tilbúin í hópstarfið.

5. Þjóðarleikvangur

Formaður gerði grein fyrir störfum starfshópsins. Er á lokastigi og stefnt að því að ljúka vinnunni og kynna hana fyrir alþjóð fyrir lok september.

6. Afrekssjóður – Seinni úthlutun

Afreksstjóri, gjaldkeri og formaður gerðu grein fyrir frumvinnu. Umræður. Vísað áfram til úrvinnslu milli funda.

7. Uppskeruhátíð – Formannafundur – Ársþing 2022

Umræður um dagsetningar. Ákveðið að föstudagurinn 26.11 eða laugardagurinn .27.11 henti undir formannafund og uppskeruhátíð. Verkefnastjórum FRÍ, falið að útfæra tillögur að bestu uppskeru- og hvatningarhátíð sem FRÍ hefur haldið. Ákveðið að kanna hvort ársþingið geti farið fram á Selfossi 25.3-26.3. Ritara falið að vinna málið áfram.

8. Önnur mál

a. Íþróttasjóður. Minnt á að umsóknarfrestur er til 1. október nk.

b. Kynferðisleg áreitni og ofbeldi - Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs - Siðareglur FRÍ. Umræður. Ákveðið að senda út frétt og fjölpóst innan hreyfingar til að minna á þær leiðir sem eru til staðar og regluhverfi.

c. Mótamál. Gott mótahald í ágúst. Þakkar færðar til mótshaldara og starfsmanna FRÍ. Keppendur og aðildarfélög eiga heiður skilið fyrir. Kynnt tillaga að mótahaldi veturinn 2021-2022. Samþykkt. Ákveðið að ræða við tilnefnda mótshaldara.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:42 með því að fundarmenn ræddu um söguna „huga þú um þig og ég hugsa um mig“.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.